

Gátlisti um margbreytileika í máli og myndum

Mannréttinda og Lýðræðisskrifstofa/Upplýsingadeild

4. nóvember 2019

Gátlisti um margbreytileika í máli og myndum er leiðbeinandi fyrir þá sem setja efni á vef og samfélagsmiðla Reykjavíkurborgar og tekur mið af mannréttindastefnu borgarinnar sem samþykkt var í borgarstjórn dags. 18. október 2016.

Mannréttindastefnan byggir á jafnræðisreglunni og miðar að því að allar manneskjur fái notið mannréttinda án tillits til uppruna, þjóðernis, stéttar, tungumáls, litarháttar, trúarbragða, lífs- og stjórnmalaskoðana, trúleysis, kyns, kynhneigðar, kynvitundar, kyntjáningar, kyneinkenna, aldurs, fötlunar, holdafars, líkamsgerðar, heilsufars, atgervis eða annarrar stöðu. Rauði þráðurinn í mannréttindastefnunni er áherslan á jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Þessi áhersla skal vera sýnileg og samþætt allri starfsemi og stefnumótun borgarinnar. Því er mikilvægt að efni sem gefið er út á vegum borgarinnar taki mið af mannréttindastefnu hennar og að borgarbúum sé ekki mismunað í orðavali eða myndbirtingu. Samkvæmt jafnréttislögum, grein 24, er hvers kyns mismunun á grundvelli kyns, hvort heldur bein eða óbein, óheimil. Einnig segir í 29. grein laganna að auglýsandi og sá sem hannar auglýsingar skuli sjá til þess að þær séu ekki öðru kyninu til minnkunar.

Í gátlistanum er farið yfir ýmis atriði sem gott er að styðjast við þegar verið er að vinna efni sem á að birta á vef borgarinnar eða á samfélagsmiðlum í nafni hennar. Efni sem birtist á þessum miðlum borgarinnar sem og öðrum á að taka mið af mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar.

Gátlistinn byggir m.a. á leiðbeiningum Evrópusambandsins um kynjað orðaval og myndbirtingu auk bæklingisins *Margbreytileiki í máli og myndum* sem Reykjavíkurborg gaf út árið 2014.

Staðalímyndir

Samkvæmt jafnréttisstofu eru staðalímyndir fyrirframgefnar hugmyndir um útlit og/eða eiginleika fólks sem tilheyrir ákveðnum hópi eða stétt innan samfélagsins. Staðalímyndir birta ítrekuð skilaboð um hvað sé „eðlilegt“ en eiga sér oft ekki stoð í raunveruleikanum - eða þær sýna einfaldaða mynd af honum. Þær má finna víða í útgefnu efni á borð við auglýsingar, í tímaritum og öðrum fjölmiðlum. Slíkar staðalímyndir endurspeglar t.d. úreltar hugmyndir um hlutverk kynjanna eða hugmyndir um mismunandi stöðu og virðingarsess fólks af ólíkum uppruna eins og birtist í dæmi 6 hér á eftir. Staðalímyndir gefa þannig í skyn hvernig ákveðnir aðilar eiga að haga sér og jafnvel hvers konar störf henti þeim. Sumar staðalímyndir hafa neikvæð áhrif á jafnrétti kynja og því er mikilvægt að uppræta

þær. Í fyrstu grein jafnréttislaða segir að eitt af markmiðum þeirra sé að breyta hefðbundnum kynjaímyndum og vinna gegn neikvæðum staðalímyndum um hlutverk kvenna og karla. Við þurfum einnig að vera á varðbergi gagnvart staðalímyndum um eldra fólk, fatlað fólk, hinsegin fólk og fólk sem augljóslega er af erlendum uppruna.

Ef við erum meðvituð um skaðleg áhrif staðalímynda getum við komið í veg fyrir að þeim sé viðhaldið í því efni sem gefið er út á vegum borgarinnar og um leið leitast við að uppræta þær.

Gott að hafa í huga við vinnslu á texta:

- Hvar mun textinn birtast? Í hvaða samhengi?
- Fyrir hvaða lesendur er textinn ætlaður? Náum við að miðla öllum upplýsingum til lesenda í gegnum textann?
 - ✓ Höfum lesendahópinn í huga við textasmíðina (börn, fullorðnir, aldraðir, innflytjendur o.s.frv.)
- Hvernig er samspilið á milli fyrirsagnarinnar, meginmáls og myndmáls?
- Hefur aldur, kyn eða uppruni þess sem skrifar textann áhrif á innihald hans?
 - ✓ Gætum þess að tala um einstaklinga og berum virðingu fyrir uppruna, menningu og trú og félagslegum aðstæðum þeirra sem fjallað er um.
- Styður orðalag við fyrirframgefnar hugmyndir um hlutverk kynjanna eða staðalímyndir?
 - ✓ Notum frekar orðalag sem varpar ljósi á fjölbreytt viðfangsefni kvenna og karla og fjölbreytileikann og vinnum gegn stöðluðum ímyndum.
- Er einhver undirliggjandi tónn í textanum sem ekki á heima þar?
- Um *hverja* er textinn? (kyn/aldur/uppruni/félagslegar aðstæður).
 - ✓ Fá konur og karlar jafn mikla umfjöllun?
 - ✓ Eru konur nafngreindar til jafns á við karla?
 - ✓ Er þess gætt að ólíkir hópar fái umfjöllun?
- Talar textinn til allra?
 - ✓ M.t.t. kyns, kynhneigðar og kynvitundar, aldurs, uppruna, félagslegrar stöðu?
Dæmi um að textinn tali ekki til allra er t.d. þegar orðalagið er „nú þurfa menn að átta sig á,“ „menn hafa áhyggjur af“.
Höfum þetta í huga t.d. í boðum á viðburði á vegum Reykjavíkurborgar, notum t.d. verið **öll** velkomin.
- Er verið að notast við kynjað orðalag eða staðalímyndir í textanum?
 - ✓ Gott er að leitast við að hafa orðalagið sem minnst kynjað þótt það sé oft erfitt á íslensku.

Dæmi um leiðir:

Þau sem eru í x skóla. Þau sem fá þjónustu hjá borginni. Þau sem búa í borginni.

Þegar hún/hann/hán kemur í skólann í fyrsta sinn þá er mikilvægt að hafa í huga....

- Koma einhver gildishlaðin lýsingarorð fyrir í textanum? (gott-vont, sterk-veik, gríðarleg, etc).
- Er mismunandi umfjöllun um ólíka hópa eða annað ójafnvægi s.s. í fjölda fréttu/magni? Eru mismunandi orð notuð í tengslum við ólíka hópa? Eru þau orð/hugtök jákvæð eða neikvæð?
- Hvaða sjónarhorn hefur sú/sá sem skrifar textann?

Þýðingar:

Þegar verið er að þýða texta frá íslensku yfir á ensku/pólsku eða annað tungumál þarf einnig að huga að því hver lesendahópurinn er. Mikilvægast er að meginatriði textans og upplýsingarnar sem hann hefur að geyma komist til skila í þýðingunni en það þarf ekki að þýða orðrétt eða endilega allan textann. Allt efni sem þýtt er yfir á önnur tungumál og birt á miðlum borgarinnar á líka að vera til á íslensku og helst birtast jafnframt á íslensku með þýdda textanum.

Orðaval – nota:

- ✓ **Einstaklingur:** Í stað þess að tilgreina hvers kyns viðkomandi sé (hann eða hún verður einstaklingurinn).
- ✓ **Maki:** Að tala um eiginmann og eiginkonu vísar til þess að um sé að ræða gagnkynhneigt, gift par. Bætt er að tala um *maka*.
- ✓ **Foreldrar/forráðamenn/forráðafólk:** Tölum um foreldra eða forráðamenn í stað þess að tala um móður og föður (gagnkynhneigð nálgun á samsetningu fjölskyldu).
- ✓ **Hjólástólanotendur eða þau sem nota hjólástól:** Forðumst að tala um að einstaklingar séu bundnir hjólástól. (Byggt á leiðbeiningum frá Sjálfsbjörg, lands sambandi hreyfihamlaða).
- ✓ **Fæðingarland eða fæðingarstað:** Orðið þjóðerni, sem oft er notað, felur í sér að allir einstaklingar hafi ríkisborgararétt í ákveðnu landi. Allir sem hafa íslenskan ríkisborgararétt eru Íslendingar óháð því hvaða húðlit, tungumál eða trú þeir hafa. Ef markmið textans er að lýsa uppruna einstaklings er hægt að tala um *fæðingarland* eða *fæðingarstað*.
- ✓ **Hinsegin fólk:** Hugtakið hinsegin nær yfir alla sem ekki eru gagnkynhneigðir og/eða síð kynja og/eða markkynja. Lesbíur, hommar, þankynhneigt fólk, trans fólk, kynsegin fólk, intersex fólk eru dæmi um hópa hinsegin fólks. Ef verið er að fjalla um sérstakan hóp innan hinsegin hópsins er réttara að nefna hann sérstaklega, t.d. að segja hommar og lesbíur ef efnið er einungis um þau. Nánari skýringar og upplýsingar um orðaval bæði á íslensku og ensku má finna í fræðslubæklingi Reykjavíkurborgar og Samtakanna '78 á eftirfarandi slóð

reykjavik.is/frettir/hvad-er-hinsegin-fraedslubaeklingur og vefsíðunni hinsegin frá ö-a á slóðinni otila.is

- ✓ **Þjónustunotandi/viðskiptavinur:** Um þau sem nýta sér þjónustu á vegum borgarinnar. Tölum einnig frekar um að fólk noti þjónustu í stað þess að þiggja hana sbr. þjónustuþegi.
- ✓ **Fatlað fólk:** Nota fatlað fólk í stað þess að tala um fólk með fötlun eða fólk með fatlanir. Þetta orðalag er notað hjá hagsmunasamtökum fatlaðs fólks á Íslandi og í háskólasamfélaginu. Ástæður þess að talað er um fatlað fólk má rekja til þess að fötlun skapast í samspili einstaklingsins við ýmsar hindranir í samfélaginu sem geta orsakað fötlun. Fötlun er því ekki alfarið bundin við einstaklinginn. Hjólastólanotandi upplifir t.d. ekki endilega fötlun í tveggja hæða húsnæði með lyftu, en myndi gera það ef það væri engin lyfta á milli hæða.
- ✓ **Fólk með geðrænan vanda:** (Skv. leiðbeiningum frá Geðhjálp, nær yfir margt).
- ✓ **Fólk með tví- eða fjölpættan vanda:** Hugtak sem notað er bæði yfir börn og fullorðna. Það er engin ein skilgreining til á hugtakinu en fólk með tví- eða fjölpættan vanda glímir meðal annars við vímuefnafíkn, geðrænan vanda og hegðunarraskanir.
- ✓ **Einstaklingar með heilabilunarsjúkdóma:** Nota einstaklingar með heilabilunarsjúkdóma í stað þess að tala um heilabilaða eða einstaklinga með heilabilun (ábending sem borginni barst á facebook).

Hér á eftir koma nokkur dæmi um óheppilegt orðalag eða myndnotkun þar sem gæta mætti meira jafnvægis. Dæmin eru af vef Reykjavíkurborgar, á ákveðnum tímapunkti, og samfélagsmiðlum sem haldið er úti í nafni borgarinnar. Sumum textum sem notaðir eru sem dæmi hefur þegar verið breytt.

Dæmi 1

Hér væri betra að sleppa því að spyrja hvort viðkomandi sé karl eða kona þannig að auglýsingin tali líka til þeirra sem kjósa að skilgreina sig sem bæði eða hvorugt. Betra væri að spyrja „Býrð þú í Reykjavík, ertu í hjólastól eða notar þú hjólastól og langar til þess að hjálpa okkur að bæta þjónustu Reykjavíkurborgar?“



Dæmi 2

Í textanum er fjallað um að menn skynji og menn upplifi, textinn talar því ekki til allra. Betra væri að tala um hvernig fólk skynjar eða fólk upplifi. Textinn er tekinn af rvk.is

Hljóðvísarnir

Til að útskýra lítillega hvaða hávaðavísarnir merkja þá felur jafngildishljóðstigið í sér mælingu með stöðugum hljóðstyrkleika og segir til um samanlagða hljóðorku hins sveiflukennda hljóðstigs yfir ákveðinn tíma. Með öðrum orðum þá skráir mælirinn niður hljóðstigið jafnt og þétt yfir tiltekinn tíma sem stöðugt sveiflast og að lokum gefur eitt gildi, jafngildishljóðstig. Líta má á það sem nokkurs konar meðalhljóðorku sem einstaklingur verður fyrir yfir ákveðið tímabil. Ekki er um hefðbundið meðaltal að ræða þar sem dB-gildin eru lógariþmísk. Hámarkshljóðstigið er svo aftur hámarkshljóðbil yfir 0,125 sek og að lokum er hæsti hljóðtoppur mæling yfir enn skemmri tíma. Hæsti hljóðtoppur er mældur með svokallaðri C-síu og jafngildis- og hámarkshljóðstigið með A-síu. A-sía fylgir því tíðnibili sem **menn** skynja lægra hljóðstig. C-sían líkir svo aftur á móti eftir því hvernig **menn** skynja mjög hátt hljóðstig og nemur betur tóna á lágsta tíðnibilinu.

Markmið reglugerðar um hávaða nr. [724/2008](#) er að koma í veg fyrir eða draga úr skaðlegum áhrifum af völdum hávaða. Reglugerðin tekur til hávaða tengdum athöfnum mannsins og kann að hafa áhrif á almenning, t.d. á tónleikum og skemmtistöðum, umferð bíla og flugvéla auk hávaða tengdum framkvæmdum. Með hávaða er átt við hljóð sem er ekki verið að sækjast eftir. Hljóð sem einn upplifir hávaða getur verið list í eyrum annars. Hvernig **menn** upplifa hávaðann ræðst t.d. af styrk hljóðsins, tíðni þess og tímalengd.

Dæmi 3

Hér hefði verið betra að tala um eftirmynd tiltekins einstaklings í stað manns.



Dæmi 4

Þegar leitað er á vef borgarinnar að talsmaður, talskona eða málssvari þá voru niðurstöður eftirfarandi: Öll þessi orð eru samt sem áður samheiti samkvæmt Snöru.

Leitarniðurstöður

Þín leit að "**talsmaður**" fann 15 niðurstöður.

Leitarniðurstöður

Þín leit að "**talskona**" fann 7 niðurstöður.

Leitarniðurstöður

Þín leit að "**málsvári**" fann 6 niðurstöður.

Myndbirting og val á myndum:

Í leiðbeiningunum *Margbreytileiki í máli og myndum* frá árinu 2014 kemur fram að myndbirting undirstriki vægi fólks og hlutverk í samfélaginu og segir okkur hvaða einstaklingur er í forgrunni, hver hefur völd og ábyrgð og hverjir séu valdalausir. Mynd hefur sitt eigið mál, byggir við textann og getur gefið honum nýja vídd. Leitumst því eftir að setja styrkleika einstaklinga í forgrunn í myndefni á vegum borgarinnar og gerum margbreytileikann sýnilegan þegar kostur er á því.

Eftirfarandi er gott að hafa í huga þegar verið er að velja mynd með texta:

- Hvernig myndir eiga við textann?
- Eru ólíkir einstaklingar á myndinni?
 - ✓ Hvert er hlutfall kynja?
 - ✓ Hver eru hlutverk kynjanna?
 - ✓ Endurspegla myndirnar íslenskt samfélag? Erlendir myndabankar eru oft með myndir sem ekki falla að íslenskum veruleika.
 - ✓ Sýna myndirnar aðeins fólk með eina líkamsgerð?
 - ✓ Hver er aldurssamsetningin?
 - ✓ Sýna myndirnar fatlað fólk eða einstaklinga sem nota hjálpartæki?
 - ✓ Sýna myndirnar fjölbreytileika þegar kemur að kyntjáningu einstaklinga?
 - ✓ Sýna myndirnar aðeins fólk með einn húðlit?
- Hvað fangar helst athygli á myndinni? Hver er í forgrunni?
- Tengist fyrirsögnin myndinni?

- Í hvernig umhverfi er myndin tekin?
 - ✓ Úti eða inni?
 - ✓ Á opinberum vettvangi eða ekki?
- Hvað er einstaklingurinn á myndinni að gera?
 - ✓ Í hvernig fötum?
 - ✓ Svipbrigði? Segja þau eitthvað til um efni textans?
- Er samþykki þeirra sem eru á myndinni fyrir birtingu hennar fyrir hendi?
 - ✓ Huga þarf að lögum um persónuvernd, sérstaklega þegar börn og unglingar eiga í hlut. Sjá leiðbeiningar um myndatökur og myndbirtingar í skóla- og frístundastarfi.
- Er viðkomandi nafngreind/ur? Með hvaða hætti? Fornafn og eftirnafn?
 - ✓ Er munur á því hvernig við nafngreinum einstaklinga eftir aldri, kyni, uppruna, félagslegum aðstæðum o.s.frv.?

Dæmi um myndbirtingar

Hér koma nokkur dæmi þar sem myndbirting er til skoðunar. Dæmin eru annars vegar skjáskot af vef Reykjavíkurborgar og hins vegar skjáskot af atvinnuauglýsingu sem birtist á Facebook-síðu Landspítalans.

Dæmi 5

Af þessum myndum má draga þá ályktun að framkvæmdir séu á forræði karla frekar en kvenna. Samkvæmt Upplýsingadeild Reykjavíkurborgar hefur gengið illa að fá fram jafnari kynjahlutföll á myndum sem teknar eru við þessi tilefni þar sem fyrst og fremst karlar eru viðstaddir. Tilefni er til þess að leita leiða til þess að jafna hlutföllin. Kannski mætti fá þá sem koma til með að njóta framkvæmdanna (t.d. ef byggja á íbúðir fyrir eldri borgara) til þess að mæta og taka þátt í slíkum myndatökum. Myndirnar eru af vef borgarinnar.



Dæmi 6

Hér er ekki um dæmi frá Reykjavíkurborg að ræða. Þessi atvinnuauglýsing birtist á Facebook-síðu Landspítalans sumarið 2019. Samtök kvenna af erlendum uppruna gerðu athugasemd við myndbirtinguna og bentu á að með auglýsingunni fyrir starf hjúkrunarfræðings fylgdi mynd af hvítum konum en fyrir starf í mötuneyti fylgdi mynd af konu dökkri á hörund. Að þeirra mati var myndbirtingin til þess fallin að ýta undir neikvæða staðalmynd af konum af erlendum uppruna.



LANDSPITALI.IS

Starfsmaður í eldhúsi/ dagvinna - Laugarásinn
meðferðargeðdeild



LANDSPITALI.IS

Hjúkrunarfræðingur óskast á kvenlækningadeild
21A

Tjákn (e. emoji) – hvernig er best að nota tjákn?

Samkvæmt leiðbeiningum Evrópusambandsins um kynjað orðaval og myndbirtingu er einnig mikilvægt að hafa jafnræðissjónarmið í huga við val á tjáknum sem oft fylgja texta sem birtist á samfélagsmiðlum.

- Notum nýjustu uppfærsluna af emoji-safninu. Með hverri uppfærslu bætast við fjölbreyttari tjákn sem endurspeglar margbreytileikann, eins og sjá má á myndinni hér að neðan. Þar eru tjákn sem sýna ólík fjölskylduform, aldursamsetningu, hinsegin fánann o.s.frv.

- Höldum okkur við hlutlaus tjákn, t.d. þegar kemur að húðlit. Hjá Apple eru gulu tjáknin án húðlits og geta þannig talist vera hlutlaus.

Til umhugsunar:

- Tungumálið er lifandi og breytist í takt við tímann og breyttar áherslur. Í íslensku er karlkynið oft notað sem hlutlaust kyn (sbr. kona í starfi ráðherra) og á síðustu misserum hafa konur til dæmis tekið upp starfsheitið verkefnastýra, skrifstofustýra o.s.frv. sem gæti verið merki um breyttar áherslur. Borginni hefur t.d. borist erindi þar sem bent var að að betra væri að nota *þau* í umfjöllun um borgarfulltrúa.
- Einnig hefur færst í aukana að kynsegin fólk (fólk sem upplifir sig hvorki sem karl né konu, heimild frá Samtökunum 78) notar kynhlutlaus fornöfn á borð við hán. Ef erindi berst frá einstaklingi sem skilgreinir sig sem kynsegin getur verið gott að spyrja hvernig viðkomandi kjósi að láta ávarpa sig þegar við svörum erindinu.

